

1867.

1867.

8. janúar.

1. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um að mælinga-áhöld, er Birni yfirkennara Gunnlaugssyni höfðu verið lèð, skuli framvegis fylgja latinuskólanum.

Í bréfi dags. 3. nóvembermán. 1865 hafð þér, herra stipt-
amtmaður, og þér, háæruverðugi herra, beiðzt samþykkis stjórn-
arráðsins til þess, að þér hafð leyft, að mælinga-áhöldum þeim,
er Björn Gunnlaugsson, fyrrum yfirkennari við hinn lærða skóla
í Reykjavík, hafði fengið áður fyrri hjá stjórninni, sè skilað til
lærða skólans og fylgi honum framvegis. Nú er stjórnarráðinu
með bréfi yðar 7. júnímán. f. á. hafa borizt ítarlegri skýrslur
um málefni þetta, og skrifazt hefir verið á við dómsmálastjórn-
ina um það, skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðið fyrir
sitt leyti hefir ekki neitt á móti, að mælinga-áhöldum þess-
um sè ráðstafað eins og þér hafð gjört, og skal stiptsyfir-
völdunum heimilt að ljá áhöldin þeim, sem vilja nota þau til
mælinga á Íslandi, en þeir ábyrgist að skila þeim aptur
óskemmdum.

2. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um ýmsar breytingar á „Handbók presta”.

19. janúar.

Með því að haft er í hyggju að láta prenta „Handbók
presta” að nýju, og þörf er á að endurskoda hana í mörgum
greinum, hafð þér, háæruverðugi herra, farið þess á leit í bréfi
dagsettu 26. októbermán. f. á., að yður verði veitt heimild til að
endurskoda handbókina, eins og með þarf, og sèr í lagi að taka